ÞITT EINTAK

# SIRKUS

5. MAÍ 2006 | 18. VIKA



## GUNNAR Í KROSSINUM
## VIÐ EIGUM EKKI AÐ BJÓÐA SYNDINNI Í KAFFI

## AUÐUNN JR.
## BETRI EFTIR UMSKURÐINN

## HVERNIG Á AÐ SVINDLA Á PRÓFI?

# ALIN UPP Á HLIÐARSVIÐINU

ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR HEFUR DVALIÐ NORÐUR Á AKUREYRI Í VETUR OG LEIKIÐ MEÐ LEIKFÉLAGI AKUREYRAR. ÖLL AÐSÓKNARMET HAFA VERIÐ SLEGIN OG NÚ ER HÓPURINN KOMINN SUÐUR. SIRKUS RÆDDI VIÐ ÁLFRÚNU UM ÆSKUNA, FJARBÚÐINA OG AUÐVITAÐ LEIKLISTINA.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

ÞAÐ ER FÖSTUDAGSPARTÍ Á VEGUM GRANDMOTHERS RECORDS Í KVÖLD Á GRAND ROKKI. ÞAÐ ERU LISTAMENNNIRNIR MONGOOSE, SKÁTAR OG BOBBY BREIÐHOLT SEM MUNU SKEMMTA GESTUM EINS OG ÞEIM EINUM ER LAGIÐ. ÞETTA ER SVEITT SÚPA SEM ENGINN ÆTTI AÐ LÁTA FRAM HJÁ SÉR FARA.


MONGOOSE

# SVEITT STEMNING Á GRAND ROKKI


HLJÓMSVEITIN SKÁTAR

Það verður magnað fjör í kvöld á Grand Rokki, fullt af fólki og ódýr bjór. Þetta er skemmtun sem mun ekki klikka, góðir tónlistarmenn sem leggja sig fram við að þeir sem vilja fá smá fjör í heilann á sér fái þá ósk uppfyllta.

Þeir sem munu halda uppi fjörinu eru Skátar, Mongoose og Bobby Breiðholt. Skátar eru að safna fyrir framleiðslu á næstu breiðskífu en hún ber vinnnuheitið Einu sinni eitthvað, ávallt eitthvað, og er á leiðinni í mix. Þannig að það er um að gera að styrkja þá eftir fremsta megni, hver vill ekki veita listinni hjálparhönd?

Hinn eini, sanni og góðkunni Magnús Birkir Skarphéðinsson tónlistarmaður, betur þekktur sem Mongoose, var að klára nýja vél sem þýðir bara eitt; stuð og standpína. Hann mun sýna okkur hvernig á að gera þetta, hvernig maður á að bera sig að í heimi tónlistar og trylltrar mannmergðar.

Þetta er ekki búið, tónlistarkokteillinn er af bestu gerð og er það Bobby Breiðholt sem mun sína okkkur hvað þeir meintu með „electro boogie woogie and then some".

## SIRKUS MÆLIR MEÐ


Sirkus mælir með nýjustu Mission: Impossible-myndinni. M:i:III. Myndin er án efa sú besta af þeim þremur sem gerðar hafa verið. Þeir sem vilja gera þetta með stæl fara að sjálfsögðu í lúxusbíó og láta vel um sig fara enda afar þægilegt þegar um svona stórmyndir er að ræða.


Sirkus mælir með leiksýningunni Fullkomið brúðkaup sem nú er komið á fjalir Borgarleikhússins. Verkið var sýnt fyrir fullum sal á Akureyri trekk í trekk nú í vetur. Verkið hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og áhorfenda. Það er um að gera að drífa sig.



Sirkus mælir með NBA TV þessa dagana en stöðin er númer 48 á Digital Íslandi. Þar eru leikir úr úrslitakeppni NBA í beinni útsendingu á hverju kvöldi. Fylgstu með snillingum á borð við Steve Nash, Andreas Nochioni, Manu Ginobili, Dirk Nowitzki, Jason Williams, Luke Walton, Nenad Krstic, Jason Kidd og Chris Kaman heima í stofu.



Sirkus mælir með nýja Durex love-smokknum. Því hefur löngum verið haldið fram að kynlíf sé betra án varna – en óöruggara. Þeir Durex-menn vinna aftur á móti baki brotnu við að gera kynlíf með smokk eins unaðslegt og mögulegt er. Durex love-smokkurinn er afrakstur þess, 20% þynnri en aðrir smokkar en jafn öruggur. Nú geturðu stundað kynlíf og notið sömu ánægju – áhyggjulaus. Jibbi!

SIRKUSÁVARPIÐ

## ÍSLENSKIR FJÖLMIÐLAR UMSKORNIR



Sumarið er komið og sunnangolan er klárlega í kjarrinu. Það er léttara yfir fólki og allir í stuði. Auðunn Jr. dafnar vel eftir umskurðinn sem Sirkus fjallaði um í byrjun janúar. Auðunn ræðir lífið eftir umskurðinn í opinskáu viðtali við Hjörvar Hafliðason í Sirkus. Hjörvar ræddi einnig við dömu sem hefur prófað Auðun fyrir og eftir umskurð – hann er betri eftir umskurðinn, segir daman.

DV hætti að koma út daglega á föstudaginn fyrir viku og er það miður að elsti fjölmiðill landsins komi nú einungis út um helgar. Það má segja að DV hafi verið nokkurs konar forhúð íslenskra fjölmiðla – upphafið. Nú hafa íslenskir fjölmiðlar verið umskornir og forhúðin fjarlægð úr daglegri útgáfu. Ólíkt Auðuni Jr. hefur þessi umskurður ekki góð áhrif á íslenskan fjölmiðlamarkað sem verður bitlausari, og hreinlega leiðinlegri, fyrir vikið.

Sólmundur Hólm



365
SIRKUS RVK
**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson
**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson hordur.johannesson@365.is
**Ritstjóri:** Sólmundur Hólm
**Ritstjórn:** Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja


Forsíðumyndina tók Valli af Álfrúnu Örnólfsdóttur leikkonu.

## EFNI

**4** – Rógvi Jakobsen tekinn á teppið
**6-7** – Útskriftarnemar í fatahönnunardeild LHÍ
**8** – Hvernig á að svindla á prófi?
**10** – „Við eigum ekki að bjóða syndinni í kaffi," segir Gunnar í Krossinum
**12** – Kristrún
**14** – Auðunn Jr. – betri eftir umskurðinn
**16-17** – Álfrún Örnólfs – alin upp á hliðarsviðinu
**18** – Ný Spúútnik-verslun opnuð
**26-28** – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
**31** – Gillzenegger kennir þér að lifa af verðbólguna
















# FÁÐU ÞÉR PEPSI EÐA PEPSI MAX OG TAKTU ÞÁTT Í STÓRLEIK!

SKORAÐU MARK MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA INN KÓÐA AF PEPSI OG PEPSI MAX FLÖSKUM.
HÆGT ER AÐ SENDA SMS EÐA SLÁ HANN INN Á PEPSI.IS

SKORAÐU FIMM MÖRK OG ÞÚ ERT BÚINN AÐ VINNA!



SANTA FE

## HELSTU VINNINGAR:

| | |
|---|---|
| 2 | SANTA FE JEPPAR, TIL AFNOTA Í EITT ÁR |
| 10 | 42" FLATSJÓNVÖRP |
| 40 | EVRÓPUFERÐIR MEÐ ICELANDAIR |
| 60 | PSP TÖLVUR |
| 60 | MP3 SPILARAR |






YFIR 200.000 VINNINGAR Í BOÐI

ICELANDAIR

YFIRHEYRSLAN


Sirkusmynd – Valli

# HRÆDDUR VIÐ MASSAÐAR GELLUR

**FÆREYINGURINN RÓGVI JAKOBSEN SEM LEIKUR MEÐ KR ER EINN AF BESTU LEIKMÖNNUM LANDSBANKADEILDARINNAR Í KNATTSPYRNU SEM HEFST INNAN SKAMMS. SIRKUS RVK YFIRHEYRÐI ÞENNAN MARKHEPPNA FÆREYING Á SKEMMTILEGRI BLÖNDU AF DÖNSKU, ENSKU, FÆREYSKU OG DASS AF NÝ-FÆREYSKU.**

**FÍLARÐU MJÖG MASSAÐAR GELLUR?**
Nei, það má ekki vera of mikið. Ég er hræddur við svoleiðis gellur.



**EF ÞÚ VÆRIR KLÁMMYNDALEIKARI Í BANDARÍKJUNUM, HVAÐ MYNDIRÐU HEITA?**
Bara Rógvi Jakobsen.

**HVAÐ TEKURÐU Í BEKK?**
Það veit ég ekki. Ég hef aldrei lagt neina áherslu á það tæki.

**EF ÞÚ MYNDIR SKORA SIGURMARKIÐ Í ÚRSLITALEIK HM Í FÓTBOLTA, HVERNIG MYNDIRÐU FAGNA?**
Ég myndi að sjálfsögðu klæða mig úr stuttbuxunum. Fagn sem enginn mun gleyma.

**HVAÐA STRÁK Í KR-LIÐINU MYNDIRÐU HELST VERA MEÐ EF ÞÚ VÆRIR STELPA?**
Ég myndi vilja vera með Sigmundi Kristjánssyni. Því hann er öðruvísi og í raun og veru ekkert eins og annað fólk.

**HVAÐ ER BETRA Á FÆREYJUM EN Á ÍSLANDI?**
Það er ekki eins kalt í Færeyjum.

**VAR ÞÉR STRÍTT Á AÐ VERA HREINN SVEINN?**
Nei, aldrei, því ég var fyrstur af mínum vinahóp.

**HVER ER VERST LYKTANDI KR-INGURINN?**
Það er Gunnar Einarsson. Það er alltaf vond lykt af honum.






**HEFURÐU SÉÐ FORELDRA ÞÍNA NAKTA Á SAMA TÍMA?**
Nei, ekki á sama tíma.

**HEFURÐU SETT AUGLÝSINGU INN Á EINKAMAL.IS?**
Nei, en ég fer kannski að hugsa um það.

**HEFURÐU EINHVERN TÍMANN HÖSTLAÐ HÉR Á LANDI FYRIR AÐ VERA FRÁ FÆREYJUM?**
Nei, aldrei.

**ER MCDONALDS Í FÆREYJUM?**
Nei, ekki enn.

**HVER ER VERSTI ÞJÁLFARI SEM ÞÚ HEFUR HAFT?**
Það er Tomislav Sivic. Við vorum ósammála um allt. Hann er núna landsliðsþjálfari Úganda.

**HVORT FARA ÍSLENDINGAR EÐA DANIR MEIRA Í TAUGARNAR Á ÞÉR?**
Danir, því þeir eru svo hrokafullir. Íslendingar eru eins og Færeyingar.



**BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA**
Hefur þú verið með KR-ingi?

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus elskar stelpur og stelpur elska Sirkus, strákarnir líka en ekki í þessu tilfelli. Nú er það þannig að Sirkus verður að koma með smá fréttaskot og skot svo sannnarlega, þar sem Sirkus mælir alls ekki með ótímabæru sáðláti, hvort sem það er bitur reynsla sem talar eða ekki er það aukatriði. Kjarni málsins er sá að það á að teljast sjálfsögð kurteisi og sjálfsagt mál að sýna smá úthald á skeiðvellinum.



Sirkus er kúl og veit hvað er kúl og það er svo sannnarlega ekki kúl að borða brauð með eggi og lifrarkæfu. Það er í samhengi við það að sumir bara leysa vind hvar og hvenær sem þeim sýnist. Í alvörunni! Það finnst engum lyktin góð, allt í lagi eða ágæt, öllum þykir hún vond og verri en þér. Enginn vill finna prumpulykt læðast upp í nefið á sér, það er bara eitthvað svo ekki þægilegt. Sirkus segir stopp við annarra manna prumpi.



Sirkus mælir ekki með íslenska hlutabréfamarkaðnum því maður fær hjartaáfall af því að fylgjast með honum. Nei, í alvörunni, kannski soldið plebbalegt og jakkafatalegt, en þetta er í alvörunni eins og að fara á box í beinni eða kappakstur, hjartað pumpast út, púlsinn verður óreglulegur og ennis- og skeggsviti myndast. Stressandi, svo sannnarlega.

KÚLTUR MEN OPNUÐ Í KRINGLUNNI

# VIÐ VILDUM BÚÐ MEÐ FLOTTA UMGJÖRÐ


PAUL SMITH – SVART VESTI OG BRÚNAR BUXUR.

„Við vildum gera búð með flotta umgjörð fyrir öll flottu merkin sem við erum með," segir Bjarki veerslunarstjóri í Kultur men í Kringlunni. Kultur men opnaði nú á dögunum í Kringlunni við fögnuð margra. „Við erum með rosalega flott merki eins og Paul Smith, Tiger, Acne og Bruuns Bazaar svo eitthvað sé nefnt. Við erum einnig með þessi klassísku merki eins og Matineque og fleira. Það lendir því enginn í vandræðum með að finna eitthvað á sig því við erum með svo fjölbreytt úrval," segir Bjarki kátur í bragði. „Við leggjum áherslu á mjög gott úrval á jakkafötum, frá frekar klassísku lúkki og allt út í meiri díteila eða öðrúvísi snið, svona fyrir þá sem vilja aðeins brjóta upp klassíska lúkkið. Við erum einnig með gallabuxur og sportfatnað, það er að segja Fred Perry, polo bolirnir og v-peysurnar. Við erum einnig með mikið úrval af aukahlutum eins og sokkum, keðjum, ermahnöppum og fleira slíkt. Við erum með ágætt úrval af Lloyd skóm og Paul Smith. Við leggjum upp úr heildarlúkki fyrir kúnnann sem og að vera með flott tískumerki," segir Bjarki að vonum ánægður með opnunina.


BJARKI VERSLUNARSTJÓRI.



MONGOOSE®
alvoru fjallahjol
GAP
www.gap.is
FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5 200 200 MÁN - FÖS. KL. 9-18. LAU. KL. 10-16

ÚTSKRIFTARNEMAR ÚR FATAHÖNNUNARDEILD LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS HALDA ÚTSKRIFTARSÝNINGU Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚSI. ÚTSKRIFTARSÝNINGIN HEFST Í DAG EN Í KVÖLD VERÐUR HALDIN TÍSKUSÝNING Á SAMA STAÐ OG HEFST HÚN KLUKKAN ÁTTA. SIRKUS FÉKK ÞESSA FRÁBÆRU FATAHÖNNUÐI TIL AÐ SÝNA OKKUR MEISTARAVERK SÍN.

# FATAHÖNNUÐIR FRAMTÍÐARINNAR

**EDDA ÍVARSDÓTTIR**

*Er eitthvað sérstakt þema eða einhver áhersla í þínu kolleksjón?*

„Já, ég er með svona „grunch", næntís-fílingur. Kurt Cobain og Nirvana."

*Hver er þinn innblástur?*

„Ég held það sé bara alls staðar frá, hlutir sem maður sér og upplifir."

*Hvað var uppáhaldið þitt við kolleksjónið þitt?*

„Það eru mörg en aðallega leðrið og flannel. Það er óvenjulegt að nota þessi efni saman og skemmtilegt."

*Er Ísland land tækifæranna?*

„Já, mætti ekki segja það? Á sinn hátt er Ísland það."

**GUÐJÓN SIGURÐUR TRYGGVASON**

*Er eitthvað sérstakt þema eða einhver áhersla í þínu kolleksjón?*

„Skátastelpa sem varð flugfreyja sem fór í sjóherinn. Það er ekkert endilega eitt form eða slíkt en það er samhengi í öllu."

*Hvers vegna þessi tegund af hönnun?*

„Af því þetta er það sem mig hefur alltaf langað að gera, það er ekkert flóknara en það."

*Hvernig fannst þér ferillinn?*

„Mér finnst allur ferillinn hafa verið skemmtilegur, það að þurfa að hafa umsjón með svona mörgum hlutum í einu og hafa stjórn á þessu öllu saman."

*Hvað kom þér mest á óvart við kolleksjónið þitt?*

„Ég mundi segja að það væri tilvísun í gamlan útsaum eða gamalt handverk."

*Er Ísland land tækifæranna?*

„Já, það getur alveg verið það en maður einskorðar sig ekki við eitthvað eitt."





**BJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Hvernig mundiru lýsa þínu kolleksjón?*

„Ég mundi segja perlur, silki og rendur, eitthvað út í þá áttina."

*Áttirðu eitthvert uppáhald í kolleksjóninu?*

„Ég er með mikið prent, silkisatín. Það bætir það upp að það er gott að snerta efnið á meðan maður saumar það."

*Leggur þú meiri áherslu á eitthvað eitt en annað?*

„Ég legg mjög mikla áherslu á fallega liti, að það sé falleg stemming í kolleksjóninu. Ég vinn svo mikið með liti, ég er líka að mála og mála sum efnin eins og málverk."

*Áttu einhvern uppáhaldslit?*

„Já, það er ólívugrænn en einhverra hluta vegna verður allt sem ég geri svo blátt. En ég geng aldrei sjálf í bláu."

**ÞÓREY HANNESDÓTTIR**

*Er eitthvert sérstakt þema eða einhver áhersla í þínu kolleksjón?*

„Já, ég er að segja mjög mikla sögu í línunni minni, hún segir frá ferlinum sem við förum í gegnum hér í skólanum. Ég gerði það viljandi að túlka það í flíkunum, þetta er ferlið sem maður fer í gegnum til að finna svona sína hönnun. Ég fer soldið bókstaflega í þetta gamla en svo er það að falla út úr og inn kemur grafíkin sem er svo nútíminn, litirnir og grafíkin. Þetta er svona fortíð og nútíðin."

*Hvers vegna ertu að hanna föt?*

„Ég elska föt og hef alltaf gert, ég hef alltaf horft á tískuímyndir og ímyndarsköpunin í sjálfu sér hefur alltaf verið heillandi fyrir mér, persónur og fólk, karakterar og týpur. Ef manni finnst gaman, þá er þetta eitthvað sem maður á akkúrat að vera að gera."



**ÞÓREY BJÖRK**

*Er eitthvert sérstakt þema í þínu kolleksjón?*

„Ég er soldið mikið að nota form og kannski ekki að segja neitt, hönnun er náttúrulega bara hönnun. Ég nota mikið arkitektúrform en þetta er meira svona að nota fatahönnun sem miðil, er ótrúlega spennandi. Tískan breytist svo ótrúlega hratt og það er þar sem áhugi minn liggur. Þú ert alltaf að gera eitthvað nýtt og ferskt."

*Hvað kom þér á óvart við þetta kolleksjón?*

„Það kom mér soldið á óvart að ég tók þessa stefnu því ég er vanalega í rómantík en í BA-ritgerðinni tók ég fyrir varnir og hlífðarbúnað og það festist soldið í mér. Ég fór þá að nota meira þung og hörð efni. Þetta var kannski meira svít og sætt en núna kannski hef ég orðið fyrir áhrifum frá hinu og þessu, já, kannski er þetta bara reynslan."

**RANNVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR**

*Er eitthvað sérstakt þema eða einhver áhersla í þínu kolleksjón?*

„Já, þetta er pínu útgáfa af „bauhaus" og íþróttafatnaði frá 1930, leik mér að kassalaga og stífu formi. Ég hef aldrei gert akkúrat svona línu, alltaf verið meira í boga en ákvað að prófa eitthvað alveg nýtt. Ég er kannski bara að testa mig, ég reyndi að gera stelpulegan sportfatnað."

*En hvað með litavalið?*

„Já, ég passaði mig á því að vera ekki með mikið af litum svo þetta yrði ekki of trúðalegt eða búningalegt, þannig að ég tók bara einn lit og það var blár. Það eru allar útgáfur af bláum, öll fötin eru blálituð á einhvern hátt."

*Hvers vegna blár?*

„Mér fannst blái liturinn ekki of æpandi, hann gerir þetta klassalegra líka en svo einnig íþrótta-, sjóaralegt og svona 1930 blær."

**HILDUR YEOMAN**

*Er eitthvert sérstakt þema í kolleksjóninu?*

„Já, bara alls konar, bíómyndir og alveg fullt. Ég tók kvikmyndastjörnur, svona gamlar, úr þöglu myndunum. Blandaði því soldið saman við Egypta og Kleópötru og þannig. Allt mjög dökkt og soldið goth. Eins og þetta er, þetta er allt svart-hvítt og því soldið drungalegt."

*Hvernig ertu að prófa þig áfram í þessu kolleksjóni?*

„Ég er aðallega búin að vera að prófa nýja prenttækni sem heitir „burn out" og er að gera „illustration" og stækka það upp sem prent."

*Hvað er í uppáhaldi hjá þér núna?*

„Silkiflauel af því það er það sem ég get notað aðallega í þetta bourn out og það er hægt að gera svo ótrúlega margt með því. Það kemur svo klassískt út og hefur ekkert verið mikið notað í svona nýtt núna. Þetta er meira svona í gömlum blússum hjá frænkum manns."

*Er Ísland land tækifæranna?*

„Ég held það sé alveg hægt að búa til tækifæri en það er rosalega erfitt því það er svo lítið en ég held að það sé allt hægt."

**ELMA BACKMAN**

*Hverju ertu að koma á framfæri?*

„Ég er bara að reyna að vera samkvæm sjálfri mér í minni hönnun. Að vera kannski ekki endilega að horfa á hvað allir aðrir eru að gera heldur reyna að skapa eitthvað sérstakt sem kemur bara frá sjálfri mér."

*Er eitthvað uppáhald við þetta kolleksjón?*

„Já, það sem er í uppáhaldi er svona eiginlega áferðin og efnistilfinningin, allar flíkurnar eru unnar þannig hjá mér eins og þetta sé innan úr flíkinni. Það sem er inn á flíkinni snýr út, þetta er svona öfug flík. Þannig að ég vann þetta kolleksjón út frá því að ég gerði rannsóknarvinnu innan úr hinum ýmsu flíkum. Þannig að allur saumur, frágangur fóðurs og annað sést utan á, svo er slétta og fína efnið allt innan á."

*Af hverju ákvaðstu þetta?*

„Kannski er ég í einhverjum mótþróa og vil gera hlutina á hinn veginn, fara einhverja öfuga leið."





**GUÐBJÖRG JAKOBSDÓTTIR**

*Hvað er þemað í þínu collection?*

„Innblásturinn minn sótti ég í hana Amely Earhart sem var fyrsta konan til að fluga hringinn í kringum jörðina, ég var að skoða myndir af henni og þar kom fram svona áhrif frá mínum myndum, teikningum eða hönnun. Hún er líka svona ídeal kona sem ég er að hanna fyrir, stelpur sem rokka, sem vill vera kúl í staðinn fyrir að vera sæt. Ég sæki í frekar sterkar kvenímyndir."

*Hvað kom þér mest á óvart?*

„Það sem kom mér mest á óvart að ég gat gert púffermar, það kom mér mikið á óvart, það er ekkert voðalega töffaralegt en ég vona að ég náði að gera það soldið kúl."

**HELGA LILJA MAGNÚSDÓTTIR**

*Hver er áherslan í þínu collection?*

„Ég er ekki með neitt sérstakt consept en ég er að vinna út frá BA ritgerðinni minni. Þar var ég að skrifa um frumbyggja og þeirra klæðnað, ég tók myndir af Asmetum í Nýju Geníu, þar sem þeir hafa tekið vestrænan klæðnað og gert að sínum eigin. Það er svona útgangspunktur."

*Hvað uppgötvaðir þú þegar þú varst að vinna með efnin?*

„Kannski hvað öll efnin eru mismunandi, þau haga sér ekki eins og það kemur manni svo á óvart."

*Hvað var öðruvísi nú en annarst við hinar sýningarnar?*

Það er ekkert mikið öðruvísi þannig, það er miklu meiri pressa, minni tími og fleirri outfit. Það er svo mikið á stuttum tíma en það sem kemur manni á óvart er hvers maður er megnugur."

sigga@minnsirkus.is

# HVERNIG Á AÐ SVINDLA Á PRÓFI?

**NÚ SITJA ALLIR SVEITTIR YFIR PRÓFUNUM MEÐ HARÐLÍFI OG BLÆÐANDI MAGASÁR. ALLT Í SENN. STRESSIÐ ÓBÆRILEGT. NÆ ÉG? FELL ÉG? HVAÐ GERI ÉG EF ÉG FELL? ÞETTA ERU SPURNINGAR SEM AÐFRAMKOMNIR NEMENDUR SPYRJA SIG DAG HVERN. SIRKUS VORKENNIR ÞESSUM VESALINGS KRÖKKUM OG KEMUR ÞVÍ MEÐ LAUSN Á ÞEIRRA VANDA.**



## HEFTAÐI MIÐINN

Þetta er leið sem á rætur sínar að rekja til Menntaskólans við Sund. Þá ákváðu tveir nemendur að skrifa allt námsefni vetrarins á A4 blað með minnsta mögulega letrinu. Þeir keyptu sér minnsta heftara sem hægt var að fá og þá voru öll hjálpargögn tilbúin. Þeir geymdu miðann inná sér og þegar í prófið var komið heftuðu þeir A4 blaðið aftan á prófið svo það virkaði sem hluti þess. Þá gátu þeir flett á öftustu síðu prófblaðsins þegar þeir urðu strand á spurningum. Að prófi loknu rifu þeir svo miðann af prófinu og skiluðu því inn. Leið sem svínvirkar. Gætið þess þó að för eftir hefti komi ekki upp um ykkur.

## BOLURINN



Þessi leið var fundin upp af nokkrum nemendum Menntaskólans í Kópavogi. Nemandi kaupir sér hvítan bol í stærri kantinum – XXL. Raunar mjög stóran. Á neðstu tíu sentimetra bolsins er hægt að skrifa stærðfræðiformúlur eða óreglulegar sagnir ef svo ber undir. Þessir tíu sentimetrar eru girtir ofan í buxurnar svo enginn sjái þetta þegar nemandinn gengur inn í stofuna. Þegar nemandinn hefur fengið sér sæti vippar hann bolnum upp úr strengnum og fær þar öll svörin sem vantar. Lykilatriði er að muna að girða sig þegar gengið er út.




## ORÐABÓKIN

Það getur verið algert helvíti að skrifa stíl á tungumálaprófi. Sérstaklega ef málkunnáttan er ekki mikil. Þá er ráð að skrifa stílinn inn í orðabókina. Þó verður að fara varlega því erfitt er að útskýra mikinn textamassa á einum stað í bókinni. Því er betra að skrifa eina og eina setningu á stöku stað með blýanti, og skrifa laust. Síðasta orðið í setningunni, vísar á þann stað þar sem næsta setning er. Ef setningin er „I am a dickhead“, þá er næsta setning hjá orðinu „dickhead“.

## PILSFALDURINN

Þessi leið er mjög erfið í framkvæmd fyrir karlmenn því það þætti mörgum furðulegt ef einn slíkur mætti í pilsi í próf. Það er þó alltaf hægt að bjarga sér með stórum stuttbuxum. Þessi aðferð er þannig að svindlpunktarnir eru skrifaðir á framanverð læri, frekar ofarlega. Síðan þegar í prófið er komið þá einfaldlega flettirðu upp pilsinu og lest af lærunum.



## KLÓSETTKASSINN

Þessi aðferð er ekki ósvipuð Burðardýrinu að því leytinu til að salerni kemur fyrir í framkvæmdinni. Þessi aðferð er þó mun einfaldari. Þú skrifar á miðann það sem þú þarft að vita og setur hann svo í vel vatnsþéttan poka. Þessum poka kemurðu svo fyrir ofan í klósettkassa þar sem hann mun fljóta meðan þú ert í prófinu. Síðan færðu að fara á klósettið, kíkir á miðann og leggur svörin á minnið. Hendir miðanum í pokann aftur og lætur hann svo ofan í klósettkassann aftur.






## SVALAFERNAN

Með tilkomu sykurskerts Svala í nýjum umbúðum á sínum tíma brugðu margir á það ráð að skrifa á svalafernurnar. Þetta er hægt enn þann dag í dag. Hins vegar er þetta ekki nægilega örugg leið því fremur auðvelt er fyrir þann sem gengur framhjá að sjá stafina á Svalafernunni.



## BURÐARDÝRIÐ

Það er eiginlega ekki séns að þessi leið komist nokkurn tímann upp. En hún er aftur á móti sársaukafull og erfið í framkvæmd. Þú skrifar á svindlmiðann allt sem þú vilt. Svo vöðlarðu honum saman í harðan köggul og setur hann inn í smokk. Smokkinn gleypirðu svo rétt áður en þú ferð í prófið. Síðan ferðu vel yfir prófið og sérð hvaða svör þig vantar. Eftir það færðu að fara á klósettið og annaðhvort ælir eða skítur smokknum. Svo skoðarðu miðann vel og leggur á minnið það sem þú þarft að vita. Eftir það skolarðu smokkinn, setur miðann í aftur og gleypir hann. EKKI FYRIR BYRJENDUR!


Fjórir milljónamiðar fundnir!
Þeir fundust í:
Biðskýlinu, Mjódd
Select, Suðurfelli
Samkaup-Úrval, Hrísalundi
Select, Suðurfelli
Finnur þú þann næsta?
HAPPA ÞRENNAN
Gerir lífið meira spennandi

**GUNNAR Í KROSSINUM SLÆR Í GEGN Á NETINU OG Í GSM-SÍMUM LANDSMANNA. NÚ GENGUR MILLI MANNA UPPTAKA MEÐ PREDIKUN GUNNARS Í KROSSINUM. ÞAR MESSAR HANN YFIR SÖFNUÐI SÍNUM AF FEIKNAMIKLUM KRAFTI. UPPTAKAN ER VINSÆL OG HAFA FJÖLMARGIR HLAÐIÐ HENNI NIÐUR Í GSM-SÍMTÆKI SÍN.**

**„ÞETTA ER ALLT HVERJU ORÐI SANNARA“**

„Jú, það var einhver sem sendi mér þetta um daginn,“ segir Gunnar Þorsteinsson í Krossinum um upptöku sem gengur á netinu þessa dagana. Þar messar Gunnar yfir söfnuði sínum og talar meðal annars um að ekki eigi að bjóða syndinni í kaffi. Upptakan hefur vakið stormandi lukku og hafa fjölmargir hlaðið henni niður í GSM-símtækin sín.

**EKKI Á MÍNUM VEGUM**

„Þetta er alveg ósvikin upptaka og ég var ekki sjálfur að dreifa henni,“ segir Gunnar léttur í bragði og bætir við að það sé gleðilegt að fagnaðarerindið gangi um alnetið og breiðist út með þessum hraða. „Þetta er allt hverju orði sannara.“

Er stemningin alltaf svona á samkomum?

„Oft er hún það, já. Það er gaman að vera til, maður,“ segir Gunnar en hann man ekki hvaða synd hann á við í þessari upptöku – enda öll synd af hinu verra og því ætti það að skipta minna máli. „Þessi upptaka er trúlega komin af krossinn.is. Við setjum predikanir inn á netið,“ segir Gunnar. „Þar er hægt að fá stóra skammta af þessu.“

**TRÚIN EIN HEFUR TILGANG**

Þegar blaðamaður náði tali af Gunnari var hann staddur í Bandaríkjunum. „Ég er nú bara uppi á hóteli og ætla að hvíla mig í dag. Ég er að fara á ráðstefnu sem byrjar í kvöld,“ segir Gunnar í Krossinum.

Trúarráðstefna?

„Það skyldi maður ætla. Annað hefur ekki tilgang í þessu lífi,“ segir Gunnar Þorsteinsson í Krossinum – nýjasta stjarna Internetsins.

soli@minnsirkus.is

### UPPTAKAN GÓÐA

„Við fáum velgju þegar syndin kemur og knýr á. Þegar freistarinn kemur með röddu sína, þá liggur við uppköstum. Við verðum að hata syndina. Má ég heyra amen. Eina leiðin, eina leiðin. Þið vitið hvað okkar fyrstu foreldrar gerðu, hvað konan gerði. Hún fór og spjallaði við freistann: „Eigum við ekki að fá okkur kaffi? Ræða málin?“ Og hvað varð úr því? – Synd. Og við erum ennþá marin og meidd eftir þessa ferlegu uppákomu. Við eigum ekki að bjóða syndinni í kaffi. Við eigum að segja: Burt með þig. Mér býður við þér, þú ert viðbjóður. Ég vil ekki þig nálægt húsi mínu. Má ég heyra amen. Við eigum að hafa viðurstyggð á syndinni. Við eigum að hata hana.“

# „VIÐ EIGUM EKKI AÐ BJÓÐA SYNDINNI Í KAFFI“



# ANNA CLAUSEN OPNAR BÚÐ

Anna Clausen stílisti og Bjarni Einarsson opnaðu verslunina Belleville á laugardaginn. Verslunin er staðsett á Laugavegi 55 þar sem gamla Kron kron var. Fjöldi fólks var mættur til að skoða vörurnar í versluninni sem vöktu stormandi lukku. Í versluninni er hönnun eftir Bernhard Willhelm, Petrik Söderstam og fleiri góða hönnuði.



Sindri Snær og Auður Ýr voru kát í bragði.



Þurý og Anna Clausen voru góðar á því. Búðin heitir Belleville eftir hlýlegu hverfi í París.



Andrea og Hugrún í Kron létu sig ekki vanta.



Það var glatt á hjalla í Belleville.

## Arthúr

**FUGL**




fjandinn.com/Arthur


durex
love
smokkurinn kominn
durex
easy-on
love
4 quality condoms for greater confidence
durex love
Fyrir alla unga elskendur
4 fyrir 3

# HVERNIG TÝPA Á HEIMA HÉR?

## SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

**SIRKUS FÆR EKKI NÓG AF ÞVÍ AÐ FÁ AÐ KÍKJA INN TIL FÓLKSINS Í LANDINU, ÞAÐ ER VANALEGA FORVITNILEGT OG SPENNANDI AÐ SJÁ HVAÐ ÁLITSGJAFINN GETUR OG HVERNIG FÓLK HREIÐRAR UM SIG. AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ AÐ KÍKJA TIL KRISTRÚNAR HELGU HAFÞÓRSDÓTTUR SEM SÉR UM ÚTSTILLINGAR OG HEFUR VERIÐ AÐ STÍLISERA. KRISTRÚN HELGA ER NÝBÚIN AÐ KAUPA SÉR ÍBÚÐ Á HVERFISGÖTUNNI OG LÍKAR MJÖG VEL. KRISTRÚN SEGIST EKKI TRÚA ÞVÍ HVERSU ÆÐISLEGT SÉ AÐ BÚA EIN Á ÞESSUM STAÐ. GOTT SÉ AÐ GETA LABBAÐ Á KAFFIHÚSIN OG ÞRÁTT FYRIR AÐ STUNDUM SÉ SOLDIÐ SKUGGALEGT GETI ÞAÐ VERIÐ RÓMANTÍSKT. ÁLITSGJAFINN ER HÚN MARÍA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR SKÓHÖNNUÐUR SEM ER EINN AF DUGNAÐARFORKUM VERKSMIÐJUNNAR. ÞAÐ MÁ SVO SANNARLEGA SEGJA AÐ MARÍU KRISTÍNU HAFI GEGNIÐ ÞOKKALEGA AÐ GETA SÉR TIL UM ÍBÚANN.**


Sirkusmynd-Valli

„Mér finnst rosalega gaman að blanda saman gömlu og nýju," segir Kristrún Helga. „Ég vel hlutina alla mjög vel í stað þess að fá mér eitthvað héðan og þaðan, t.d. gefins eða eitthvað slíkt. Ég vil frekar hafa færri en fallegri hluti og ég er alls ekki fyrir liti. Ég vill ekki hafa neina liti enda er mjög mikið af hvítu dóti. Ég er mest fyrir jarðarliti enda er ég sjaldan í litum sjálf, vel frekar brúnt og hvítt. Ég er ekki úr neinu hverfi þannig, kannski bara á milli hverfa, en ég flutti á Hverfisgötuna því ég vildi vera í miðbænum í mannlífinu," segir Kristrún sem er að vonum ánægð. Ég valdi mér að vera ekki með gardínur því það er þá svo bjart og fallegt inni í íbúðinni en það er mikið áhyggjuefni fyrir pabba mína. Þeir eru alveg að fríka út, greyin, en mér finnst gluggarnir njóta sín svo vel svona, þeir eru svo fallegir. Mér finnst flott að hafa ekki neinar og svo er ég ekki búin að finna neinar og vil því bíða þar til ég finn hinar einu sönnu," segir Kristrún Helga sem hefur í nógu að snúast.



**ÞETTA SAGÐI MARÍA KRISTÍN SKÓHÖNNUÐUR**



### STOFA

Það er alls ekki mikið af dóti þarna inni, aðeins örfáir jakkar og skór og gamalt, flott sófasett sem hún hefur fengið í arf eða keypt notað. Ljósakrónan er mjög tískuleg og nýleg og mér finnst eins og hér búi ung listaspíra sem er jafnvel ekki flutt inn ennþá því það er eitthvað svo tómlegt og hreint. Nautshúð á gólfinu í svart-hvítu sem kostar sitt, eða um 60.000 þúsund, en kannski vill hún bara kaupa sér fáa hluti en frekar fallega. Það er lampi á gólfinu, mér sýnist það vera bara svona tímabundið til að fá meiri lýsingu, miðað við hversu allar hinar ljósakrónurnar eru flottar verður þessi lampi ekki inni í stofu lengi. Ég er ekki viss um að þetta sé nýtt hús eða gamalt sem búið er að gera upp en ég hallast frekar að því að þetta sé gamalt hús útaf ofnunum, þeir eru svona gamlir hlunkar og líka spýturnar eða hvað það heitir, en panillinn er nýr. Mér sýnast kertin vera í gluggakistunni þarna í koníaksglasinu og myndin líka svo að þetta er penthouse-íbúð, hillan er þar sem stofan er.



### FORSTOFA

Hér er greinilega inngangur inn í íbúðina, já, eða jafnvel í sumarbústaðinn (svolítið svoleiðis fílingur). Hér býr kona sem fylgist greinilega eitthvað með tískunni, er mikið í stígvélum sem er mesta æðið í skóm í dag og ekki síst kúrekastíllinn.

### SVEFNHERBERGI

Hún er definitlí að flytja inn því myndin er á gólfinu ennþá. Þetta málverk eða plakat er skipt eftir gullnu reglunni eins og Móna Lísa og er smá súrrealískt en smá Francis Bacon líka. Ég sé blöð og bækur í hillunni, ekkert ofsalega mikill lestrarhestur á bækur, kannski frekar tímarit. Lampinn á gluggakistunni virðist sekondhand eða gamall, fóturinn er með plexi- eða glerkúlum og skermurinn úr efni. Mér sýnast vera plötur í gluggakistunni, hver á svoleiðis lengur nema kannski plötusnúður?



### ELDHÚS

Núna er ég aftur komin heim til stelpunnar á fyrstu myndinni. Hér er kertastjaki á borðinu með 4 hvítum kertum í gamaldags lúkki en er það ekki, held ég, samt rómantískur. Það eru tískublöð á borðinu sem lætur enn frekar í ljós að stelpan sé „fashion minded". Ég sé mjög óskýrt inní eldhúsið hennar, þar er salatskál á borðinu, hlýtur að hugsa um hollustuna. Þar er dökkt borð, ég held að hún sé vínunnandi því það er spes pláss fyrir vínflöskur í innréttingunni. Ljósakrónan er líka mjög trendí í eldhúsinu, hún leggur mjög mikið upp úr fegurð í lýsingu.



### LOKANIÐURSTAÐA

Já, þarna er gamall/nýr sími á gólfinu, svartu með skífu. Ég sé hvíta hillu og dökkt borð og hvíta stóla inni í eldhúsi, ég er ennþá á því að hún búi ein og þetta sé stelpa sem er nýflutt inn. Ég er ekkert búin að tala um stofuborðið en tað er svona antik lúkk sem er flott að blanda með en henni finnst það greinilega málið, hvítt, dökkt, gamalt, nýtt. Veistu hvað, ég er farin að hallast að því að þarna búi bara strákur en hann er gay því það er allt svo hreint og skipulagt!

# á Prikinu í Maí

## DAGSKRÁIN FRAM UNDAN

**Þiðvikudagurinn 03.05.06**
"Iggy pop" kvöld og hver er betri en Krummi í Mínus til að klára kvöldið.

**Fimmtudagurinn 04.05.06**
Dj Danni Delux gerir eitthvað voðalega sniðugt, eina sem þú þarft að gera er að dansa (og kannski fá þér 1 eða 2 öl)

**Föstudagurinn 05.05.06**
Í kvöld er 80"þemakvöld. Kvöldið byrjar með strákunum í Friskó og svo taka þær Dj Erna og Bomban við.

**Laugardagurinn 06.05.06**
Dj Benni sér um ekta Prikstemmingu.

**Þriðjudagurinn 09.05.06**
Dj Kári sér um skandalana í kvöld:)

**Miðvikudagurinn 10.05.06**
Dj Jón "kokkur" Mýrdal sýður saman eitthvað sniðugt.

**Fimmtudagurinn 11.05.06**
Strákarnir í Hoffman byrja kvöldið um kl.21 og Dj Gulli í Ósóma sómar sér ágætlega eftir það

**Föstudagurinn 12.05.06**
Í kvöld er þemað "Pimps'n'hoes"(Dólgar og skækjur). Að vanda starta perrarnir í Friskó kvöldinu en fast á eftir þeim kemur Óli Hjörtur... og Anna Brá

**Laugardagurinn 13.05.06**
Farðu í rassgat....Pönkhljómsveitin Rass byrjar kvöldið um kl 21, svo tekur Dj Teddy við.

**Mánudagurinn 15.05.06**
Nú hljóta allir að vera búnir í prófum!!!! Dj Cacoon rokkar húsið!!

**Þriðjudagurinn 16.05.06**
Dj Kári sér um að fikta í græjunum

**Miðvikudagurinn 17.05.06**
Úrslitaleikurinn í meistaradeildinni Barcelona vs. Arsenal á stórum skjá svo tekur hús Dj við....

EUROVISION HELGIN 2006!!!

**Fimmtudagurinn 18.05.06**
Eurovision forleikur á stórum skjá... áfram Sylvía Nótt.
Óli Brá og Anna Hjörtur spila eikkva ógisslega geggt í tilefni kvöldsins skilurru

**Föstudagurinn 19.05.06**
G OG T kvöld.Kvöldinu er startað af Friskó en svo koma Dj Benni,básúnuleikari,rapparar og fl. með fyrsta G og T kvöld sumarsins... ATH Gin og Tonic á tilboði...ekki missa af þessu!!!!

Laugardagurinn 20.05.06
Eurovision á stórum skjá með eða án Sylvíu...
Meistari Maggi Legó sér um músíkina og drengirnir í Dr mister and mr Handsome kíkja eftir miðnætti og rokka húsið....

**Mánudagurinn 22.05.06**

Dj Cacoon

**Þriðjudagurinn 23.05.06**

**Miðvikudagurinn 24.05.06 opið til 5:30**
Prikið verður betra og betra með árunum... Mugison spilar með hljómsveit!!! Hann byrjar um kl.21 Svo taka Gullfoss og Geysir við og tralla fram á nótt.

**Fimmtudagurinn 25.05.06**
Dj Maggi Legó

**Föstudagurinn 26.05.06**
Sitt að aftan kvöld á Prikinu..munntóbak á tilboði allt kvöldið....Dj Gísli Galdur sér um partýið og Addi trommari reynir að tromma í takt.

**Laugardagurinn 27.05.06**
Dj Óli Hjörtur og Anna Brá mæta í glimmergöllunum.



Nýtt

NÝR MATSEÐILL
FULLUR AF NÝJUM OG BRAGÐGÓÐUM RÉTTUM

PRIKIÐ
STOFNAÐ 1951

AUÐUNN AUÐUNSSON GERÐI SÉR LÍTIÐ FYRIR OG LÉT FRAMKVÆMA UMSKURÐ Á LIM SÍNUM Í LOK SÍÐASTA ÁRS. SIRKUS SPJALLAÐI Á SÍNUM TÍMA VIÐ KAPPANN ÞEGAR HANN VAR NÝKOMINN ÚR AÐGERÐINNI. NÚ, HÁLFU ÁRI SEINNA, ER HANN ALSÆLL MEÐ NIÐURSTÖÐUNA OG ÞAÐ ERU FLEIRI.


AUÐUNN AUÐUNSSON LÉT UMSKERA SIG OG SÉR EKKI EFTIR ÞVÍ.

Sirkus mynd – Vilhelm.

# AUÐUNN BETRI UMSKORINN

„Þetta er bara algjör snilld," segir Auðunn Auðunsson, 24 ára Kópavogsbúi sem lét framkvæma umskurð á lim sínum í lok síðasta árs. Síðast þegar tímaritið Sirkus spjallaði við hann, þann 6. janúar síðastliðinn, var hann enn aumur eftir aðgerðina en nú, tæpu hálfi ári síðar, líður honum betur en nokkru sinni fyrr.

### ÞURFTI AÐ DETTA Í AFA-PAKKANN

„Þetta var rosalega erfitt eftir aðgerðina. Því ég mátti ekki stunda kynlíf í sex vikur. Það gekk auðvitað ekki eftir enda er ég einn graðasti maður heims. Ég þraukaði tvær vikur en meikaði þetta svo ekki. En ég viðurkenni það að ég þurfti að detta í smá afapakka fyrst. Maður varð að gera hlutina rólega enda ekki sniðugt að rífa upp sauminn eftir aðgerðina," segir Auðunn opinskár og einlægur að vanda.

„Það verður að segjast eins og er að stelpurnar fíla þetta mun betur svona," segir Auðunn og hlær.

### FALLEGRA, SNYRTILEGRA, BETRA...

Sirkus hafði samband við konu sem Auðunn hafði sofið hjá fyrir og eftir aðgerð og hún sat ekki á skoðunum sínum. „Þetta er mun fallegra, snyrtilegra og betra," segir konan sem ekki vildi koma fram undir nafni en sagði Auðun betri eftir umskurðinn. „Mér finnst þetta einnig mun hreinlegra en ég geng þó ekki svo langt að ég myndi skipa framtíðareiginmanninum að fara í slíka aðgerð en það væri vissulega kostur."

*Getur þú núna eingöngu hugsað þér að vera með umskornum mönnum?*

„Ég segi það ekki. Það skiptir margt annað máli. Eins og persónuleiki, innri maður, húmor og allur sá pakki. En ég lýg því ekki að það væri ágætt að sem flestir létu gera þetta."


DAVÍÐ SMÁRI ER MEÐ FLOTT TALHÓLF

TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...

## DAVÍÐ SMÁRI MEÐ HELÍUM-RÖDD

Talhólf söngvarans Davíðs Smára Harðarsonar er svohljóðandi:

*„Þetta er Davíð. Endilega hringdu aftur eða leggðu inn skilaboð. Takk fyrir, bless."*

Við lestur þessarar kveðju hljómar þetta ófrumleg og leiðinleg talhólfskveðja en svo er ekki raunin. Davíð les kveðjuna með helíumrödd. Það er að segja, hann var nýbúinn að taka inn helíum áður en hann las kveðjuna og því er hún drepfyndin. Þá er hann kurteis og segir: takk fyrir, bless. Eitthvað sem aðrir frægir mættu taka sér til fyrirmyndar í sínum talhólfskveðjum.

Eina sem vantar upp á er að kveðjan sé lengri. Það væri skemmtilegt að njóta helíumraddar Davíðs Smára örlítið lengur.

★★★☆☆


STUÐKALLINN ER MEÐ SANNKALLAÐA STUÐKVEÐJU

## HEIMASÍÐA VIKUNNAR




### AÐDÁENDASÍÐA LOU BEGA

Þýski söngvarinn þeldökki, Lou Bega, á aðdáendur úti um allan heim. Nú loksins hafa aðdáendur hans opnað sameiginlega aðdáendasíðu, *loubega.de.* Á síðunni er finna allar upplýsingar um söngvarann geðþekka og auk þess spjallborð. Þá er hægt að sjá öll hans myndbönd á síðunni, þar á meðal slagarana Mambo nr. 5 og I got a girl, sem er keimlíkt Mambo nr. 5.

## SIRKUSTVÍFARAR


INGVI HRAFN JÓNSSON


DENNY CRANE

Tvífarar vikunnar eru báðir miklir sérvitringar. Annars vegar er það Ingvi Hrafn Jónsson og hins vegar Denny Crane úr þáttunum Boston Legal, en hann er leikinn af William Shatner. Þeir félagar, Denny og Ingvi, eru báðir miklir sérvitringar og hika ekki við að láta menn heyra það. Ingvi á skjánum en Denny í réttarsalnum. Þá hata þeir ekki að dreypa á smá viskílögg í góðu tómi. Flottir.




SÖLUSTADIR: Skór.is, Kringlunni og Smáralind | Motor, Kringlunni | Exodus, Hverfisgötu | Inter-Sport, Bíldshöfða | Herra Hafnarfjörður, Hafnarfirði
Perfect, Akureyri | Sentrum, Egilstöðum | System, Neskaupstað | Pex, Reyðarfirði



„SVO DAGINN SEM ÉG ÆTLAÐI AÐ FARA Í PRUFUR HJÁ FLEIRI SKÓLUM VAKNAÐI ÉG MEÐ 40 STIGA HITA. ÉG ÆTLAÐI AÐ HARKA AF MÉR OG FARA SAMT EN ÞÁ HRUNDI ÉG BARA NIÐUR OG SÁ AÐ ÉG GAT EKKI FARIÐ.“

# ALIN UPP Á HLIÐARSVIÐINU

ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR ER ÞEKKT ANDLIT Í ÍSLENSKU LEIKHÚSLÍFI. Í VETUR VAR HÚN Á MÁLA HJÁ LEIKFÉLAGI AKUREYRAR OG SLÓ ÖLL AÐSÓKNARMET ÁSAMT KOLLEGUM SÍNUM. NÚ ER HÚN KOMIN AFTUR SUÐUR OG LEIKUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU NÆSTA VETUR. HÚN RÆÐIR VIÐ SIRKUS UM ÆSKUNA, FJARBÚÐINA OG AUÐVITAÐ LEIKLISTINA.

**Myndir:** Valli. **Texti:** Sólmundur Hólm. **Fatnaður:** Kúltúr, Wearhouse, Júníform og Spúútnik. **Förðun:** Harpa Sjöfn Lárusdóttir, Emm School of makeup.



„Ég er vesturbæingur,“ svarar Álfrún Örnólfsdóttir leikkona ákveðin þegar blaðamaður spyr þeirrar einföldu spurningar: Hver ertu? Álfrún hefur slegið í gegn hjá Leikfélagi Akureyrar í vetur í Fullkomnu brúðkaupi, Maríubjöllunni og nú síðast Litlu hryllingsbúðinni.

### ALIN UPP Á HLIÐARSVIÐINU

Það er vart hægt að segja það tilviljun að Álfrún hafi ákveðið að gerast leikkona. Móðir hennar, Helga Jónsdóttir, er úr mikilli leikarafjölskyldu og faðir hennar Örnólfur Árnason er rithöfundur og hefur skrifað og þýtt mikið fyrir leikhús landsins. „Ég er alin upp á hliðarsviðinu og dróst því mjög snemma inn í þetta,“ segir Álfrún sem lék fyrst á sviði sjö ára en hún hafði suðað um að fá að stíga á stokk frá því hún var tveggja ára. „Alltaf þegar maður sá einhverja krakka í leiksýningum, þá dauðöfundaði maður þá.“ Fyrsta hlutverk Álfrúnar var í Óvitunum eftir Guðrúnu Helgadóttur. „Ég lék ömmuna. Fékk alveg að fara með texta í nokkrum senum. Þetta var ekkert aðalhlutverk en nógu áberandi fyrir sjö ára krakka.“ Þess má geta að í sömu sýningu fór Flosi Ólafsson á kostum sem feitt ungabarn.

### TALIN RAUÐHÆRÐ

Eftir að Álfrún hafði leikið ömmuna í Óvitunum var ekki aftur snúið og lék hún í leiksýningum með reglulegu millibili. Þá lék hún einnig í bíómyndinni Svo á jörðu sem á himni, þar sem hún lék skyggna, rauðhærða stelpu með þykk gleraugu. „Hárið var litað rautt og sett permanent. Það eru margir sem halda enn þann dag í dag að ég sé rauðhærð,“ segir Álfrún og hlær.

### ÞRÁAÐIST VIÐ

Komandi úr mikilli leiklistarfjölskyldu lá beinast við fyrir Álfrúnu að feta sömu braut.

*Þráaðistu aldrei við?*

„Það komu alveg tímar þegar ég var í menntaskóla. Fólk ætlaðist einhvern veginn til þess að ég yrði leikkona. „Auðvitað ferð þú í leiklistina,“ var sagt við mig og ég vildi nú meina að ég gæti gert eitthvað annað en það,“ segir Álfrún og skellir upp úr. „Þannig að ég var að spá í að fara kannski bara í háskólann, allavega svona til að byrja með og sjá svo til. En alltaf um leið og kallið kom og mér var boðið eitthvert hlutverk, þá stökk ég til. Ég fann einhvern veginn þessa tilfinningu – þetta adrenalínkikk ef þú villt kalla það það. Þetta var einhvern veginn svo sterk þörf sem kveikti svo mikið í mér. Það var ekkert annað sem lét mér líða eins,“ segir Álfrún sem á endanum gat ekki staðist freistinguna.

### VILDI EKKI LÆRA Á ÍSLANDI

Álfrún kláraði nám í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2000 – ári á undan áætlun. „Ég byrjaði fimm ára í Ísaksskóla og svo þegar ég skipti um skóla níu ára var ég sett upp um bekk.

## „ÞAÐ ERU MARGIR SEM HALDA ENN ÞANN DAG Í DAG AÐ ÉG SÉ RAUÐHÆRÐ.“

Ég var svo ofvirk einhvern veginn og hefði aldrei haft viðþol til að sitja og bíða eftir hinum,“ segir hún og brosir. Eftir menntaskólann fór Álfrún til Parísar. Þar lærði hún frönsku og vann á kaffihúsi en bjó með þýskri stelpu sem hún þekkti lítið sem ekki neitt. „Þaðan fór ég í inntökupróf í Bretlandi. Ég held að það hafi líka verið hluti af þessari pressu. Ég vildi ekki vera þar sem allir höfðu hugmyndir um hvað ég gæti. Ég fór aldrei í prufu hérna heima, fór bara beint til London. Mig langaði líka bara að prófa að búa í stórborg. Ég hafði komið til London áður og fannst borgin æðisleg,“ segir Álfrún en bróðir hennar er einnig búsettur þar.

### VEIKINDIN VÖLDU SKÓLANN

Álfrún lærði í Webber Douglas Academy of dramatic art í London en hann mun vera einn af fimm bestu leiklistarskólum Bretlands. Það voru örlögin sem réðu því að hún valdi þennan skóla. „Ég fór í prufu og fékk svo rosalega fljótt svar um að ég væri komin inn. Svo daginn sem ég ætlaði að fara í prufur hjá fleiri skólum vaknaði ég með 40 stiga hita. Ég ætlaði að harka af mér og fara samt en þá hrundi ég bara niður og sá að ég gat ekki farið. Þá hringdi ég í konu sem var að kenna bæði í þessum skóla sem ég komst inn í og Royal academy of dramatic art sem er kannski fínasti skólinn í Bretlandi, allavega sá elsti. Hún sagði mér að ég gæti auðvitað farið í aðrar prufur en þetta væri mjög góður skóli,“ segir Álfrún sem fór að ráðum kennarans úrræðagóða.

### Í FITUBÚNINGI

Álfrún kláraði leiklistarnámið á tveimur árum í stað þriggja. Einu ári á undan, eina og vanalega. „Ég geri allt á handahlaupum eða stökkum,“ segir hún. Að skólanum loknum ætlaði hún að reyna fyrir sér í Bretlandi og var komin með umboðsmann. Þá kom kallið frá Íslandi og hún fengin til að fara með aðalhlutverk í myndinni Dís eftir samnefndri bók. „Ég bara kom og skildi allt dótið mitt eftir heima og ætlaði bara að koma í þrjá mánuði til að leika í einni bíómynd. Svo náttúrulega æxlast hlutirnir alltaf einhvern veginn,“ segir Álfrún sem landaði þá hlutverki offitusjúklings í Eldað með Elvis sem sýnt var í Loftkastalanum. „Það var líka hlutverk sem lá ekkert í augum uppi. Ég var í fitubúningi og allt,“ segir Álfrún sem náði að blekkja marga með fitubúningnum og margir töldu að hún hefði kannski haft það aðeins of gott í London.

### ERFITT AÐ VERA Í FJARBÚÐ

Álfrún hefur í allan vetur verið norður á Akureyri að leika fyrir leikfélagið þar í bæ. Verkin fyrir norðan hafa slegið í gegn og öll aðsóknarmet sem hægt er að slá verið slegin utan undir. Álfrún hefur því fengið að leika mikið og oft í viku. Það segir hún vera góðan skóla. „Það er einmitt það sem vantar í Bretlandi. Þar er fólk ekki að leika nóg heldur fer það bara í prufur.“ Hún segir að þrátt fyrir að vinnan í leikhúsinu hafi verið góður skóli og hún getað gleymt sér sökum anna hafi heimþráin engu að síður bankað upp á stöku sinnum. Enda kærastinn hennar, Friðrik Friðriksson, búsettur í Reykjavík sem og hennar nánasta fjölskylda. „Það er erfitt að vera í fjarbúð alltaf. En svo venst það líka eftir smástund. En núna eftir níu mánuði er maður mjög feginn að koma heim og við erum ennþá saman. Þetta er ágætis prófsteinn,“ segir hún og hlær.

### Í SÖNGLEIK EFTIR HALLGRÍM HELGA Á NÆSTA ÁRI

Sýningum á Fullkomnu brúðkaupi og Litlu hryllingsbúðinni lýkur í lok júní. Næsta vetur verður Álfrún í allavega einu verki í Þjóðleikhúsinu. „Ég er að fara að æfa nýjan söngleik eftir Hallgrím Helga og Gunni Helga leikstýrir. Hann á að gerast á diskótímabilinu og er með þannig lögum. Hann er um ungt fólk sem stundar skemmtistaðinn Hollywood. Annars er ekki ráðlegt fyrir mig að vera að segja of mikið þar sem ég hef ekki lesið handritið,“ segir Álfrún.

*En ertu með nafn í verkinu?*

„Já, ég fæ nafn og örugglega einhverjar línur,“ segir hún og hlær.

### VILL EKKI ÚT AÐ GERA EKKI NEITT

